

122

28. marz

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 1. marz 1956 til 31. desember 1966, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta eða gildandi vísitölu-grundvelli raskað verulega, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í kirkjumálaráðuneytinu, 28. marz 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

123

22. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1956. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilissjóð frú Helgu Ólafsdóttur.

Árið 1955, hinn 6. júní, heimsótti stúkan Dröfn nr. 55 barnaheimilið að Skálátúni í Mosfellssveit, og við það tækifæri lagði umboðsmaður stúkunnar, Þorsteinn Þorsteinsson, fram 15000 — fimmtán þúsund — krónur í peningum og verðbréfum undir nafni látinnar konu sinnar, frú Helgu Ólafsdóttur, f. 20. ágúst 1873, d. 28. apríl 1943. Skyldi fjárhæð þessi vera byrjun til sjóðstofnunar fyrir dvalarbörn heimilisins, en síðar var samín eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður frú Helgu Ólafsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita börnum Skálátúnsheimilisins glaðning einu sinni á ári eða oftár, eftir því sem hagur og efni sjóðsins leyfa.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og gjafir og áheit og hvers konar tekjuöflun önnur, sem gerð er til ágóða fyrir hann. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn jafnskjótt og þær til falla.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skal ávaxta í peningastofnun með ríkisábyrgð eða í vel tryggðum skuldabréfum, að dómi sjóðstjórnarinnar.

## 5. gr.

123

Úr sjóðnum má ekkert fé veita fyrr en hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur, en eftir að hann hefur náð þeirri fjárhæð, má árlega veita úr honum  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna.

## 6. gr.

Stjórn Skálatúnsheimilisins stjórnar sjóðnum, en kjósa skal hún á aðalfundi sínum tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn, ef endurskoðun reikninga hans er ekki falin löggiltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar lagðir fram á hverjum aðalfundi og bornir upp til samþykktar.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi stjórnar Skálatúnsheimilisins, en til þess þarf stjórnin öll að vera mætt og breytingarnar að fá samþykki  $\frac{4}{5}$  allra stjórnarnefndarmanna.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 23. febrúar 1956.

**Þorst. Þorsteinsson.**

## AUGLÝSING

124

9. apríl

um breyting á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

Aftan við 5. málsgr. 1. töluliðs 1. greinar reglugerðar nr. 112 1949 komi svo hljóðandi málsgrein:

Á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, skal vera sérstakt merki með bókstafnum L. Merkin skulu vera rétthyrnd, 100 mm á hæð og 85 mm á breidd, úr 2 mm þykku aluminium. Stafurinn L skal vera með steinskript, svartur á lit, þrykkur í spjalðið, 45 mm á hæð og 28 mm á breidd og breidd stafleggs 7 mm, en grunnur gulmálaður. Merki þessu skal komið fyrir annað hvort aftan við skrásetningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan. Um tilbúning og afhending þessara merkja gilda sömu reglur og um skrásetningarmerki bifreiða.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 9. apríl 1956.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*